




cutting through complexity™

Skýrsla til sveitarstjóra Stjórnsýsluskoðun

TRÚNAÐARMÁL

Strandabyggð

27. maí 2015



Í tengslum við þessa skýrslu
má hafa samband við:

Kristján Jónasson

Partner

kjonasson@kpmg.is

Sesselja Árnadóttir

Senior Manager

sesseljaarnadottir@kpmg.is

	Bls.
Inngangur	2
Athugasemdir og ábendingar tengdar stjórnsýsluskoðun	4
Samantekt á eldri athugasemdum og ábendingum	5



KPMG ehf.
Borgarmýri 1a
550 Sauðárkróki

Sími: 545 6000
Fax: 545 6001

Trúnaðarmál

Sauðárkróki, 27. maí 2015

Strandabyggð

Andrea Kristín Jónsdóttir sveitarstjóri

Höfðagötu 3

510 Hólmavík

kt. 570806-0410

Efni: Stjórnsýsluskoðun árið 2014

Í tengslum við endurskoðun ársreiknings fyrir árið 2014 viljum við með þessari skýrslu gera grein fyrir helstu niðurstöðum varðandi stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Samhliða vinnu við endurskoðun ársreiknings fyrir árið 2014 hefur verið kannað hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélagsins og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélaga, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Var í því sambandi kannað hvort sveitarstjórn hafi fylgt ákvæðum laga, reglna og samþykktu er lúta að stjórnsýslu, svo sem sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Fór sú skoðun fram í desember 2014 og febrúar 2015.

Hér á eftir fara ýmsar upplýsingar sem taldar eru geta komið að gagni varðandi innra fyrirkomulag og stjórnsýslu, auk ýmissa athugasemda/ábendinga og tillagna um úrbætur.

Skýrslan er í tveimur hlutum þar sem athugasemdir/ábendingar eru dregnar fram í fimm dálka formi. Fyrri hlutinn fjallar um ýmis atriði sem fram komu við skoðunina, hvaða áhætta getur falist í þeim og á hvern hátt megi draga úr eða koma í veg fyrir hana. Þessi atriði hafa verið borin undir stjórnendur og starfsmenn hjá sveitarfélaginu, eftir því sem við hefur átt í hverju tilviki, og er greint frá skýringum þeirra og tillögum þeirra til úrbóta. Seinni hlutinn er samantekt á nokkrum athugasemdum varðandi stjórnsýslu sem fram komu í skýrslu um stjórnsýsluskoðun í tengslum við endurskoðun ársreiknings sveitarfélagsins fyrir árin 2011, 2012 og 2013 og staða þeirra mála.

Athugasemdum og ábendingum er skipt í þrjú stig:

Flokkun niðurstöðu	
Lýsing	
1	Hátt – Undir fyrsta stig falla athugasemdir/ábendingar sem taldar eru mikilvægastar og til að tryggja að úrbætur nái fram að ganga eru æðstu stjórnendur sveitarfélagsins upplýstir um þær. Um slíkar athugasemdir/ábendingar er því að jafnaði fjallað í endurskoðunarskýrslu til sveitarstjórnar, en að auki er ítarlegri umfjöllun um þær í skýrslu til sveitarstjóra þegar við á.
2	Miðlungs – Undir annað stig falla athugasemdir/ábendingar sem talið er nægjanlegt að fjalla um í skýrslu til sveitarstjóra. Í endurskoðunarskýrslu til sveitarstjórnar er þó að jafnaði getið um athugasemdir/ábendingar við einstaka þætti starfseminnar frá fyrra ári, sem ekki hafa verið lagfærðir og falla undir þetta stig.
3	Lágt – Undir þriðja stig falla athugasemdir/ábendingar sem ræddar eru við fjármálastjóra, aðalbókara eða aðra þá sem málið varðar, en ekki er talin ástæða til að fjalla um í endurskoðunarskýrslu til sveitarstjórnar. Þessar athugasemdir/ábendingar eru ekki eins mikilvægar og athugasemdir í stigum eitt og tvö, en samt talið nauðsynlegt að koma þeim á framfæri á viðeigandi hátt.

Athugasemdir/ábendingar eru settar fram þannig að helstu veikleikar eru dregnir fram í fimm dálka formi þar sem í fyrsta dálki er lýsing á því atriði sem skoðað var, í öðrum dálki er sú athugasemd/ábending sem við viljum koma á framfæri, í þriðja dálki er fjallað um þá áhættu sem veikleikinn getur haft í för með sér, í fjórða dálki eru settar fram tillögur okkar um úrbætur og í fimmta dálki koma fram viðbrögð stjórnenda/starfsmanna hjá sveitarfélaginu.

Virðingarfyllt,
KPMG ehf.
Kristján Jónasson

Stjórnarsýsluskoðun 2014

Atriði skoðað	Athugasemdir / ábendingar	Áhrif / möguleg áhrif	Tillögur okkar um úrbætur	Viðbrögð stjórnenda / starfsmanna
2. stig Yfirferð samþykta og samninga um samstarfsverkefni sveitarfélaga eða við einkaaðila	<p>Í 6. tölul. ákvæðis I til bráðabirgða í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er svohljóðandi ákvæði: „Frá gildistöku laga þessara má ekki gera samninga um samvinnu sveitarfélaga eða við einkaaðila sem ganga gegn ákvæðum laga þessara. Slíkir samningar sem þegar eru í gildi halda hins vegar gildi sínu, að því leyti sem þeir eru í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og ákvæði annarra laga en tryggja skal að þeir fullnægi ákvæðum laga þessara ekki síðar en 15. október 2014.“</p> <p>Ekki hefur með skipulegum hætti verið farið yfir alla samninga og samþykktir sveitarfélagsins sem falla undir þetta ákvæði.</p>	<p>Ef ekki hefur verið tryggt að allir samningar og samþykktir um samvinnuverkefni sveitarfélaga eða samningar við einkaaðila uppfylli þau skilyrði sem fram koma í IX. kafla sveitarstjórnarlaga er unnt að draga í efa að samningarnir séu gildir.</p>	<p>Sveitarstjóri sjái til þess að skipulega verði farið yfir alla samninga og samþykktir sveitarfélagsins um samvinnuverkefni sveitarfélaga og samninga við einkaaðila í því skyni að tryggja að þau skjöl uppfylli viðeigandi ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga.</p>	<p>Sveitarstjóri hyggst bregðast við ábendingunni.</p>

Stjórnsýsluskoðun 2013

Atriði skoðað	Athugasemdir / ábendingar	Tillögur okkar um úrbætur	Dagsetning skýrslu	Núverandi staða
2. stig Viðauki við fjárhagsáætlun	Á árinu 2013 voru samþykktir viðaukar við fjárhagsáætlun 2013, m.a. á fundi 25. júní vegna gatnaframkvæmda. Síðar á árinu var ákveðið að fresta þeim framkvæmdum en sú ákvörðun var ekki lögð fyrir sveitarstjórn í því formi að fella brott viðaukann.	Sveitarstjórn gæti þess að bóka með skýrum hætti í fundargerð sveitarstjórnar ef ætlunin er að nýta ekki fjárheimild í viðauka þannig að viðkomandi viðauki verði felldur brott.	30. maí 2014	Brugðist hefur verið við þessari ábendingu að hluta. Viðaukar voru samþykktir jafnóðum en þó ekki gerður viðauki ef ekki er farið í framkvæmdir sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun.
3. stig Birting siðareglna	Sveitarstjórn hefur samþykkt siðareglur. Það eintak sem birt er á heimasíðu sveitarfélagsins ber ekki með sér staðfestingu innanríkisráðuneytisins.	Sveitarstjóri sjái til þess að staðfest eintak siðareglna verði birt á heimasíðu sveitarfélagsins þegar staðfesting ráðuneytisins liggur fyrir.	30. maí 2014	Ekki hefur verið brugðist við ábendingunni.
3. stig Birting fjárhagsáætlunar	Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins er ekki aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins með sambærilegum hætti og ársreikningar.	Mælt er með að sveitarstjóri sjái til þess að fjárhagsáætlunir sveitarfélagsins verði birtar á heimasíðu þess.	30. maí 2014	Ekki hefur verið brugðist við ábendingunni.

Stjórnsýsluskoðun 2012

Atriði skoðað	Athugasemdir / ábendingar	Tillögur okkar um úrbætur	Dagsetning skýrslu	Núverandi staða
1. stig Gjaldskrá fyrir afgreiðslu og þjónustu vegna skipulags- og byggingarmála og tengigjald vatnsveitu	<p>Á heimasíðu sveitarfélagsins er birt gjaldskrá sem samþykkt var í sveitarstjórn 14. febrúar 2012 en hefur ekki verið birt í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.</p>	<p>Sveitarstjórn sjái til þess að gjaldskráin verði send til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.</p>	14. maí 2013	<p>Brugðist hefur verið við þessari ábendingu. Ný gjaldskrá hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda nr. 250/2014.</p>
2. stig Stjórnsýsla mannvirkjamála	<p>Sveitarfélagið hefur umhverfis- og skipulagsnefnd og af fundargerðum þeirrar nefndar verður ráðið að nefndin fjalli a.m.k. að einhverju leyti um og samþykki byggingarleyfi áður en byggingarfulltrúi gefur þau út. Sveitarstjórn hefur hins vegar ekki gert samþykkt í samræmi við 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 um hlutverk byggingarnefndar í þessum efnun.</p>	<p>Sveitarstjórn taki afstöðu til þess hvort fyrirkomulagi þessu verði haldið áfram og ef nefndin á að fjalla um og samþykkja umsóknir um byggingarleyfi þá verði gerð samþykkt á grundvelli 7. gr. laga um mannvirki og sendi umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til staðfestingar.</p>	14. maí 2013	<p>Óbreytt staða frá fyrra ári. Ekki hefur verið brugðist við þessari ábendingu. KPMG hefur sent sveitarstjóra sýnishorn slíkrar samþykktar.</p>

Stjórnsýsluskoðun 2011

Atriði skoðað	Athugasemdir / ábendingar	Tillögur okkar um úrbætur	Dagsetning skýrslu	Núverandi staða
1. stig Innkaupareglur skv. 19. gr. laga um opinber innkaup	Ekki hafa verið settar innkaupareglur fyrir sveitarfélagið eins og kveðið er á um í 19. gr. laga um opinber innkaup.	Sveitarstjórn setji innkaupareglur sem falli að kröfum laganna.	11. maí 2012	Óbreytt staða frá fyrra ári. Ekki hefur verið brugðist við ábendingunni. KPMG hefur sent nýjum sveitarstjóra fyrirmynd að innkaupareglum.
2. stig Reglur um viðskipti við tengda aðila	Ekki hafa verið settar reglur um viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila.	Lagt er til að sveitarstjórn setji slíkar reglur. Gætu þær verið innifaldar í innkaupareglum.	11. maí 2012	Óbreytt staða frá fyrra ári. Ekki hefur verið brugðist við ábendingunni. KPMG hefur sent nýjum sveitarstjóra fyrirmynd að innkaupareglum.
2. stig Reglur um með hvaða hætti heimild til að stofna til útgjalda er úthlutað til einstakra starfsmanna sveitarfélagsins	Ekki hafa verið settar reglur um með hvaða hætti heimild til að stofna til útgjalda er úthlutað til einstakra starfsmanna sveitarfélagsins.	Lagt er til að sveitarstjórn setji slíkar reglur. Gætu þær verið innifaldar í innkaupareglum.	11. maí 2012	Óbreytt staða frá fyrra ári. Ekki hefur verið brugðist við ábendingunni. KPMG hefur sent nýjum sveitarstjóra fyrirmynd að innkaupareglum.
3. stig Gjaldskrá fyrir afgreiðslu og þjónustu vegna skipulags- og byggingarmála o.fl.	Sveitarstjórn hefur sett gjaldskrá fyrir afgreiðslu og þjónustu vegna skipulags- og byggingarmála og tengigjald vatnsveitu í Strandabyggð og birt í B-deild Stjórnartíðinda nr. 766/2010. Gjaldskráin hefur ekki verið endurskoðuð í ljósi laga um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslaga nr. 123/2010.	Sveitarstjórn endurskoði gjaldskrá nr. 766/2010 í ljósi 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.	11. maí 2012	Brugðist hefur verið við þessari ábendingu. Ný gjaldskrá hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda nr. 250/2014.

Stjórnsýsluskoðun 2011, frh.

Atriði skoðað	Athugasemdir / ábendingar	Tillögur okkar um úrbætur	Dagsetning skýrslu	Núverandi staða
<p>3. stig</p> <p>Gjaldskrá fyrir fráveitugjald og rotþróargjald í Strandabyggð</p>	<p>Í gjaldskránni sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda nr. 427/2011 er tilgreint að gjaldskráin sé sett á grundvelli X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Rétt lagatívisun varðandi fráveitugjald er 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, en með þeim lögum var m.a. felldur úr gildi X. kafli vatnalaga.</p>	<p>Sveitarstjórn gæti þess við setningu nýrrar gjaldskrár fyrir fráveitugjald að vitna til réttra lagaákvæða.</p>	<p>11. maí 2012</p>	<p>Óbreytt staða frá fyrra ári. Var ekki lagfært í gjaldskrá nr. 280/2012. Sveitarstjóri hyggst bregðast við ábendingunni við næstu endurskoðun gjaldskránnar.</p>



cutting through complexity™

© 2015 KPMG ehf., á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative („KPMG International“), svissnesku samvinnufélagi.

Nafn, kennimark KPMG og “cutting through complexity” eru vörumerki KPMG International Cooperative (KPMG International).